

1861. ins þann 50 ríkisdala styrk á ári, sem um er rætt í bréfi yðar  
5. júlím. 24. nóvemberm. f. á., til viðurbalds bryggju þeirrar, er þeir  
Valdemar kaupmaður Fischer og fl. hafa byggt, og ætlazt var  
til að aptur á móti mætti borgunarlaust nota til almennra þarfa.

5. júlím. 30. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins  
yfir Íslandi, um að nefnd sú, er sett var í Reykja-  
vík vegna fjárkláðans, skuli leyst frá starfa sínum.

Þaræð ætla má, að fjárkláðinn sé nú hættur að geysa á Ís-  
landi, eptir því sem frá er skýrt í bréfi yðar, herra stiptamt-  
maður, 23. marzm. þ. á., og skýrslu þeirri, er því fylgdi, frá  
fjárlægninga nefnd þeirri, er sett var til bráðabyrgða í Reykja-  
vík, þá ber nú að leysa nefnd þessa frá starfa sínum, samkvæmt  
tilmælum hennar í skýrslu þeirri, er nú var getið.

Þetta sé yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbein-  
ingar, og til þess að þér gjörið það, er þarf í því efni. Um  
leið skal því við bætt, að þar sem nefndin í skýrslu sinni hefir  
borið upp ýmsar kvartanir yfir því, að málið ekki hafi orðið að-  
njótandi þess styrks, sem æskilegt hefði verið, af hálfu yfirvald-  
anna, og þar á meðal einnig stiptamtmanns, þá virðist dóms-  
málastjórninni, að kvartanir nefndariunnar yfir aðferð yðar í kláða-  
málinu, sem stjórnarráðinu yfir höfuð líkar vel, séu ástæðulausar.

Þegar búið er að leysa nefndina frá starfa sínum, vonast  
stjórnarráðið eptir að fá skýrslu yðar um það.<sup>1</sup>

5. júlím. 31. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins  
og amtmannanna á Íslandi, um tekjur, er sýslu-  
menn greiða í jarðabókarsjóðinn eður í aðalfé-  
hirzlu ríkisins.

Þaræð þeir menn, sem hafa á hendi endurskoðun á reikn-

1) Sama dag var hinum amtmönnum á Íslandi tilkynt, að stipt-  
amtmani hefði vérið ritað um að leysa nefndina frá starfa sínum.